

5. Fjárhæð greiddra launa á árinu 1997 sem undanþegin er staðgreiðsluskilum á tryggingagjaldi.

Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990 breytast grunnfjárhæðir 1. og 2. mgr. þeirrar greinar í samræmi við breytingar á verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, og skulu þær reiknast í heilum þúsundum króna.

Með vísan til þessa verður hækkunarstuðullinn 1,2350 og í stað fjárhæðarinnar 30.000 kr. komi 37.000 kr. (mánaðarleg skil) og í stað fjárhæðarinnar 360.000 kr. komi 444.000 kr. (heildarskil).

Reykjavík, 10. janúar 1997.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Reykjavík á árinu 1997.

1. gr.

Af hundum í Reykjavík skal Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðis-samþykktar um hundahald, sbr. staflíð c. í 2. gr. samþykktar nr. 305/1989 um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, með síðari breytingum.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:	kr.
Fyrsta leyfisveiting	8.400
Leyfisveiting eftir útrunninn frest	12.600
Bráðabirgðaleyfi	2.100

3. gr.

Af hverjum leyfðum hundi skal innheimta árið 1997 eftirlitsgjald að upphæð kr. 7.400.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

	kr.
Fyrsta afhending	12.000
Fyrsta afhending hunds með leyfi og ef eftirlitsgjald og vottorð er í skilum við handsömun.....	6.000
Önnur, þriðja o.fl. afhendingar	18.000

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 1. febrúar og eindagi 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæði laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með lögtaki.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlega gjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

6. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar um allt að helming. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður gjöld samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að gilda á árinu 1997.

Umhverfissráðuneytinu, 13. janúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 5/1997.

Auglýsing frá ríkisskattstjóra um reikning fyrminga og vaxta vegna kaupleigu eða fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 52. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1988, um breyting á þeim lögum.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að eftirfarandi reglur skuli gilda gjaldárið 1997 við útreikning frádráttarbærs hluta leigugreiðslna vegna kaupleigu eða fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn að undanskildum leigubifreiðum:

1. Fyrmingargrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigu- eða kaupleigufyrirtækis) á viðkomandi bifreið.
2. Fyrmingargrunnur rekstrarársins 1995 framreiknast samkvæmt verðbreytingarstuðli ríkisskattstjóra fyrir árið 1996.
3. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 1996 telst 10% fyrming af fyrmingargrunni skv. 1. eða 2. tölul. hér að framan, að viðbættum 8,9% vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 1996. Vextir reiknast af fyrmingargrunni þegar frá hefur verið dregin framreiknuð fyrming fyrir ára.
4. Fyrming skv. 3. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 1996 hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

Reykjavík, 10. janúar 1997.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.